

Mál nr. 253/2002

M

og

Vátryggingafélagið X v/slysatryggingar ökumanns bifreiðar

**Umferðaróhapp, bifreið ekið út af Sauðárkróksbraut, þann 25.08. 2002,
ágreiningur um réttarstöðu ökumanns.**

Gögn.

1. Málskot móttakið 21.11. 2002.
2. Skýrslur lögreglu vegna umferðaróhappsins og meintrar ölvunar við akstur.
3. Bréf vátryggingafélagsins til Tjónanefndar vátryggingarfélaganna, dags. 28.10. 2002.
4. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 25.11. 2002.
5. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 985/2002.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. Þeirrar umfjöllunar er óþarft að geta ítarlega í þessari samantekt.

Vátryggingafélagið hafnar greiðsluskyldu úr slysatryggingu ökumanns vegna slyss M þann 25.08. 2002. M hafði verið á dansleik til kl. 03.00 að nóttu þar sem hún neytti áfengis. Skömmu síðar eða um kl. 05.30 ók hún umræddri bifreið út af vegi. Í skýrslu lögreglu kemur fram að greinilegan áfengisþef hafi lagt frá vitum ökumannsins. Var tekið blóðsýni á sjúkrahúsinu á Akureyri sem sýndi 0,87 0/00 áfengismagn í blóði. Vátryggingafélagið getur þess að það er 100 kílómetra vegalengd frá slyssað til Akureyrar, sem tekur meira en klukkustund að aka. Því hafi áfengismagn að öllum líkindum verið enn meira í blóði M þegar óhappið varð. Félagið telur að M hafi með því að aka undir áhrifum áfengis sýnt af sér stórkostlegt gáleysi og með því fyrirgert bótarétti sínum sbr. 2. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

M telur greiðsluskyldu vera fyrir hendi.

Álit.

Í málskotseyðublaðinu er þess getið að heiti þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir sé kaskótrygging. Tjónanefnd vátryggingarfélaganna fjallaði í máli 985/2002, sem vísað er til í málskotinu, umréttarstöðu vegna slysatryggingar ökumanns. Í röksemdum vátryggingafélagsins er einungis vikið að slysatryggingu ökumanns. Með hliðsjón af framanrituðu er málatilbúnaði M nokkuð áfátt. Að teknu tilliti til fyrirliggjandi gagna mun nefndin einungis fjalla um réttarstöðu M samkvæmt slysatryggingu ökumanns en ekki kaskótryggingu bifreiða. Ekki liggja fyrir í göngum málsins upplýsingar um líkamstjón M, en skemmdir urðu á bifreiðinni er henni var ekið út af veginum.

Samkvæmt 2. mgr. 88. gr. umferðarlaga má lækka bætur fyrir líkamstjón eða fella niður ef sá sem fyrir tjóni varð var meðvaldur að tjóninu af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hafði M ekki stjórn á bifreiðinni. Samkvæmt 2. mgr. 44. gr. umferðarlaga má enginn stjórna ökutæki ef hann vegna svefnleysis eða neyslu áfengis er þannig á sig kominn að hann er ekki fær um að stjórna ökutækinu örugglega. Samkvæmt 1. mgr. 45. gr. sömu laga má enginn stjórna vélknúnu ökutæki ef hann er undir áhrifum áfengis. Í 2. mgr. 45. gr. er þess getið að ef vándandamagn í blóði ökumanns nemur 0,50 0/00 en er minna en 1,20 0/00, líkt og í tilviki M, telst hann ekki geta stjórnað ökutækinu örugglega.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum má fullvíst telja að M hafi ekki verið fær um að stjórna ökutækinu örugglega. Nefndin telur að hann hafi mátt vita að hann hefði þurft að láta lengri tíma líða frá því hann neytti áfengis þar til hann hóf akstur bifreiðarinnar. Virðist orsakasamband vera milli umferðaróhappsins og ástands M í umrætt sinn. Hann ók út af vegna þess að hann hafði ekki stjórn á bifreiðinni.

Með hliðsjón af framanrituðu og 2. mgr. 88. gr. umferðarlaga er greiðsluskylda vátryggingafélagsins úr slysatryggingu ökumanns ekki fyrir hendi.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda vátryggingafélagsins úr slysatryggingu ökumanns er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 10. desember 2002

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.